Ed. **169. Breytingartillaga** [82. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er slíkum notendum afréttarlands að setja upp, ef krafizt er, girðingar og viðhalda þeim til þess að koma í veg fyrir ágang afréttarfjár síns í heimalöndum þeirra, sem afrétturinn er tekinn hjá, enda sé þeim aðilum, er girðinganna krefjast, skylt að kaupa þær samkvæmt verðmati dómkvaddra manna, þegar úr gildi fellur beitarnotaheimild þessara laga.